

Sp.

549. Nefndarálit

[96. mál]

um till. til þál. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hl. til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en minni hl. leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Það er að vísu ljóst, að ef ríkisútgáfa námsbóka á að taka að sér útgáfu námsbóka gagnfræðastigsins til viðbótar við þá útgáfustarfsemi, sem hún nú hefur með höndum, þá þarf til þess að útvega henni nýtt viðbótarstarfsfé. Þetta fé verður sjálf-sagt ekki útvegað fyrr en við setningu næstu fjárlaga. Tímann þangað til mætti því nota til að undirbúa málið, og gæti þá útgáfan væntanlega tekið til starfa við þetta verkefni strax og fjárveitingin verður veitt.

Um það munu flestir sammála, að ríkisútgáfan hafi innt af höndum merkilegt verk og þarft við útgáfu námsbóka fyrir barnaskólana. Er ekki að efa, að svipað mundi verða, ef útgáfan tæki nú að sér til viðbótar útgáfu námsbóka gagnfræðastigsins. Eftir að gagnfræðanámið hefur verið gert að skyldunámi, er eðlilegt, og raunar einnig í mörgum tilfellum nauðsynlegt, að þessi háttur verði upp tekinn og nemendur þannig losaðir við mikil útgjöld til námsbókakaupa.

Alþingi, 25. marz 1954.

Emil Jónsson, Karl Guðjónsson,
frsm.